

Stöðufundur með sölufyrirtækjum 29.4.2020

Dagskrá


- Inngangur
- Yfirferð á framtíðarlausn hjá Netorku
- Yfirferð á flýtilausn

Reglugerð 1150/2019

- Þrjár meginbreytingar snúa að Netorku:
 1. Raforkusölusamningur fylgi viðskiptavin á milli afhendingarstaða
 2. Breyting á tímabili söluaðilaskipta þannig að söluaðilaskipti eigi sér stað um næstu mánaðamót ef það er gert með 3ja vikna fyrirvara. Ef söluaðilaskipti eiga sér stað með styttri en 3ja vikna fyrirvara, þá taka þau gildi um þar næstu mánaðamót (eins og í dag)
 3. Breyta virkni þannig að í stað sjálfgefins söluaðila, þá komi söluaðili til þrautavara (valinn af Orkustofnun) og hann sé sá sami fyrir öll svæði landinu á ákveðnu tímabili (ákveðið af Orkustofnun)

Verkefni Netorku

- Framtíðarlausn sem leysir ofangreint og er skrifuð inn í kerfi Netorku með aðstoð CGI
- Flýtilausn sem leysir með handvirkum og hálfsjálfvirkum hætti liði 1) og 3) í listanum hér á undan
- Nýr netmáli



Framtíðarlausnin

A. Skilgreiningar


1. Biðtími: Líðandi virkur dagur + 2 virkir dagar
2. Kerfisbreytingartími: 1.1.2021 eða sá tímapunktur sem kerfisbreyting á sér stað
3. Samningsbundinn söluaðili: Sá söluaðili sem einstaklingur/fyrirtæki hefur gert raforkusölusamning við og/eða er í viðskiptum við á kerfisbreytingartíma.
4. Söluaðili til þrautavara: Söluaðili til þrautarvara er skilgreindur af Orkustofnun fyrir ákveðið tímabil. Ef gerðar eru breytingar hjá dreifiveitum sem ná á milli tímabila (t.d. notendaskipti aftur í tímann), skal miða val á söluaðila til þrautarvara við skráningardagsetningu aðgerðar en ekki upphafsdag veitu eða dagsetningu notendaskipta. Halda skal skrá yfir tilkynningar sendar til þeirra aðila sem úthlutað er söluaðila til þrautavara.

B. Samningsbundnum söluaðilum úthlutað á viðskiptavini í upphafi innleiðingar

Við upphaf innleiðingar á kerfisbreytingu er nauðsynlegt að frumstillja alla viðskiptavini með tilliti til söluaðila. Gengið verður út frá að núverandi viðskiptasamband jafngildi samningi og verða eftirfarandi frumstillingar gerðar.

1. Viðskiptavinir með einn söluaðila fá hann sem samningsbundinn söluaðila.
2. Viðskiptavinir sem ekki eiga virka veitu við upphafspunkt, fá ekki skráðan samningsbundinn söluaðila á sína kennitölu.
3. Viðskiptavinir með fleiri en einn söluaðila fá ekki skráðan samningsbundinn söluaðila á sína kennitölu.

C1. Nýir viðskiptavinir, sem hafa ekki verið skráðir áður í kerfum dreifiveitnanna, þurfa að velja söluaðila.




C2. Viðskiptavinir með einn samningsbundinn söluaðila halda honum þegar aðrar veitur eru skráðar á þá.




3 daga bið

C3. Viðskiptavinir með einn samningsbundinn söluaðila en vill fá annan á veitu sem hann er að taka yfir (notendaskipti).





3 daga bið

C4. Viðskiptavinir með einn samningsbundinn söluaðila en vill fá annan á nýstofnaða veitu.



C5. Viðskiptavinir með fleiri en einn söluaðila.







Flýtilausnin

Flýtilausn

- Lausn krefst handvirkra/hálfsvirkra leiða hjá öllum aðilum þangað til framtíðarlausn Netorku verður tilbúin og er hugmyndin að ná eftirfarandi fram:
 1. Samningur fylgi viðskiptavinum milli staða í flutningum og nýstofnuðum veitum.
 2. Söluaðili til þrautavara fyrir dreifiveitur verði sá aðili sem Orkustofnun skilgreinir.
- Virkja lið 1) strax í næstu viku
- Virkja lið 2) ef og þegar Orkustofnun gefur út söluaðila til þrautavara og viðskiptakerfi sölufyrirtækjanna geta tekið á móti nýstofnuðum veitum.
- Dæmi á næstu glæru um flutning með og án viðbragða söluaðila.

Söluaðili bregst við og sendir inn Z03LK



Söluaðili bregst ekki við

